

Fjögur lykilatriði í bataferlinu

Von

Að finna og viðhalda von eykur trú á eigin getu, jákvæðni gagnvart framtíðinni og styður þjónustuþegann til sjálfshjálpar.

Endurmat

Að skapa jákvæða sjálfsmynd felur í sér jákvæða sýn á eigin getu þrátt fyrir geðröskun.

Uppbygging

Að skilja röskun sína, finna tilgang með lífinu og vera þátttakandi í því, þrátt fyrir geðröskun, eykur líkur á þýðingarmeira lífi.

Ábyrgð

Að hafa stjórn á geðröskun sinni og taka ábyrgð á eigin lífi aðstoðar þjónustuþegann í bataferli sínu.

Gildi Landspítalans

Umhyggja
Fagmennska
Öryggi
Framþróun

BATAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA

EF FREKARI UPPLÝSINGA ER ÓSKAÐ ER HÆGT AÐ SENDA TÖLVUPÓST Á:
 BATI@LANDSPITALI.IS

VEFSLÓÐIR:
[HTTP://WWW.LANDSPITALI.IS/BATASTEFNA](http://www.landspitali.is/batastefna)
 FACEBOOKSÍÐA: BATAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA Á GEÐSVIÐI LANDSPÍTALANS.

ÚTGEFANDI:
 LANDSPÍTALI, 2. ÚTG. APRÍL 2013

HÖFUNDUR:
 ANNA GUÐRÚN HALLDÓRSDÓTTIR
 ERNA SVEINBJÖRNSDÓTTIR

ÁBYRGÐARMÆÐUR:
 MARGRÉT ÓFEIGSDÓTTIR

HÖNNUN:
 KYNNINGARMÁL LSH/ÁIC

Batamiðuð þjónusta

Algengar spurningar



Batamiðuð þjónusta

Vinnur að því að draga úr geðrænum einkennum og auka lífsgæði.

Þjónustubeginn er sérfræðingur í eigin líffi. Starfsfólk leiðbeinir og styður þjónustubegann í átt að settum markmiðum.

Þjónustubeginn er hluti af teyminu en ekki fyrir utan það.

Markmið að viðhalda og efla von þjónustubegans um að starfsfólk styðji við gildi hans, styrkleika og markmið.

Þjónustubeginn tekur ábyrgð á eigin meðferð, finnur styrkleika sína og setur sér markmið.



Algengar spurningar

Er batamiðuð þjónusta ekki gömul saga og eitthvað sem hefur verið lengi við lýði?

- Batamiðuð þjónusta er frábrugðin öðrum stefnum, nýtt hugtak og ný innleiðing.

Getur svona veikt fólk fundið bata?

- Fólk þarf að muna að lækning og bati er ekki það sama.

Geta allir fundið bata? Er bati nokkuð mögulegur fyrir vissan hóp þjónustubega?

- Það eru ekki allir tilbúnir fyrir bata á sama tímamarknum, þjónustubegar finna sína eigin leið og fylgja eigin væntingum.

Er batamiðuð þjónusta tiskubóla eða er hún komin til að vera?

- Batamiðuð þjónusta er ný nálgun og er hún komin til að vera í lengri tíma.

Ef þjónustubegann skortir innsæi, hvernig er þá hægt að stuðla að batanum?

- Meðferð getur verið mikilvægur hluti af bataferlinu. Meðferð og skilningur á eigin ástandi helst í hendur. Innsæi er ekki eins mikilvægt og mat þjónustubegans á eigin líffi.

Hver ber ábyrgðina á meðferðinni ef óskir þjónustubegans eru hafðar að leiðarljósi?

- Skilja þarf á milli aðstæðna, s.s. hættulegar aðstæður þar sem þjónustubegi er hættulegur sjálfum sér/öðrum en fólk getur einnig upplifað hættu til að öðlast reynslu, tækifæri, vöxt og þroska á ábyrgan hátt. Ef þjónustubegi velur að hafna meðferð sem fagaðili telur nauðsynlega þá er ábyrgðin á höndum þjónustubegans. Þá er í höndum fagaðila að grípa inni ef aðstæðurnar eru orðnar hættulegar fyrir þjónustubegann eða fólk í kringum hann.

Þarfnast þessi nýja þjónusta fjármagns og aukins starfsmannafjölda?

- Nýta þarf tiltæka þjónustu og gera hana skilvirkari með óskir og þarfir þjónustubega í huga.

Dregur batastefnan úr hlutverki fagaðila?

- Nei, álit fagfólks skiptir máli en hugmyndafræðin nýtir þekkingu þeirra á annan máta. Fagfólk veit hvenær og hvernig beita skal íhlutun ásamt því að nýta sérþekkingu sína til að styðja fólk til bata.